

# STJÓRNARTÍÐINDI B 107 – 1997

---

30. desember 1997

1643

Nr. 733

## AUGLÝSING

um áskriftargjald Lögbirtingablaðsins.

Áskriftargjald Lögbirtingablaðsins skal frá 1. janúar 1998 vera kr. 2.500,- árgangurinn. Einstök blöð kosta kr. 65,- í lausasölu.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 30. desember 1997.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Jón Thors.*

30. desember 1997

Nr. 734

## AUGLÝSING

um verð Stjórnartíðinda.

Áskriftargjald Stjórnartíðinda, A-, B- og C-deilda, skal frá 1. janúar 1998 vera kr. 4.000,- árgangurinn.

Verð einstakra hefta er kr. 150,- séu þau 50 bls. eða minni, kr. 275,- séu þau allt að 150 bls. og kr. 550,- séu þau 150 bls. eða stærri.

Verð heildarútgáfu deildar árgangs skal vera kr. 1.300,- fyrir A-deild, kr. 2.000,- fyrir B-deild og kr. 700,- fyrir C-deild, allt að 500 bls., en kr. 1.400,- sé deildin stærri. Sérít C-deildar eru ekki innifalin í þessu verði.

Verð þetta gildi einnig fyrir deildir eldri árganga.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing um verð Stjórnartíðinda, nr. 7 4. janúar 1994.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 30. desember 1997.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Jón Thors.*